

Ísafjarðarbær
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. ágúst 2016
UST201606-173/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi landsvæðis við munna Dýrafjarðarganga í landi Dranga í Dýrafirði

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar er barst 21. júní þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi landssvæðis við munna Dýrafjarðarganga, Dýrafjarðarmegin.

Í upphafi umhverfisskýrslu kemur fram að Vegagerðin í samstarfi við Ísafjarðarbæ unnið að ofangreindri tillögu að deiliskipulagi fyrir landsvæði við jarðgangnamunna fyrirhugaðra Dýrafjarðarganga í landi Dranga í Dýrafirði. Einnig kemur fram að um tímabundna landnotkun er að ræða. Skipulagssvæðið er um 30 ha að stærð.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið er í landi Dranga í Dýrafirði. Í umhverfisskýrslu kemur fram að markmið deiliskipulagsins er að heimila nauðsynlega aðstöðu vegna fyrirhugaðra framkvæmda við jarðgöngin. Einnig kemur fram að tillaga að deiliskipulagi tekur til svæðis fyrir vinnubúðir, vinnusvæðis fyrir skrifstofu, geymslur, spennistöð, sprengiefnageymslu og steypustöð. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir haugsvæði og efnistökusvæði innan skipulagssvæðisins. Svæðið er deiliskipulagið nær til, er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi og er innan svæðis nr. 311 á náttúruminjaskrá og í jaðri hverfisverndaðs svæðis.

Náttúruminjasvæði

Í náttúruminjaskrá kemur fram að svæði nr. 311 sem er skaginn milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, er á náttúruminjaskrá vegna fjölbreytts landslags, gróðursælla hlíða og dala og að svæðið er umgirt stórskornu fjallendi. Einnig eru þar framhjálaup og jökulminjar. Þar sem framkvæmdasvæðið er á svæði á náttúruminjaskrá telur Umhverfisstofnun mikilvægt að komið sé í veg fyrir allt óþarfa raska á meðan á framkvæmdum stendur.


Matstafla vegna greiningar á áhrifum deiliskipulags

Í matstöflu er fjallað um mótvægisáðgerðir og þar kemur fram að áhrif framkvæmda verði einkum á landslag og þar af leiðandi afgerandi fyrir hversu mikil og afgerandi áhrifin verða, hvernig til takist með frágang svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að staðargróður verði notaður við uppgræðsu og frágang framkvæmdasvæðis. Umhverfisstofnun tekur undir áætlaðar mótvægisáðgerðir.

Umhverfisstofnun telur að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar sem felst í ofangreindu deiliskipulagi verði fyrst og fremst sjónræn áhrif vegna skeringa, vegskála og vegfyllinga. Að mati Umhverfisstofnunar verður hægt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum ef gripið verður til þeirra mótvægisáðgerða sem lýst er í matskýrslu framkvæmdar og umhverfisskýrslu skipulagsins.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur